

Mötl: 7/1["]72

STARFSSKÝRSLA

Skógarvarðarins á Vesturlandi, 1971.

Vedráttá: Vetur var snjóléttur frá áramótum en allmikil frost. Umhleyplingar voru ríkjandi fram yfir sumarmál. Það voraði allvel, og frá sumarmálum gerði ekki frost svo miklu næmi, en fyrir mánaðamót maí - júní gerði stórhrið í uppsveitum og mikinn snjó. 21. maí var klaki 1/2 fet í græðireitnum í Norðtunguskógi. Með júnímánudi brá til þurrviðra og mátti heita að ekki kæmi skúr úr lofti allan þann mánuð, um Borgarfjörð og vestur um Snæfellsnes og Dalasýslu.

Tel ég þetta eitt erfiðasta vor sem ég hef átt við gróðursetningu þau 31 ár sem ég hef starfað að skógrækt; sökum langvarandi þurrka.

Í júlímánudi rigndi töluvert og úr því var sumarið mjög hagstætt öllum jarðargróðri.

Með hausti tók að rigna og hefur verið mjög úrfellasamt til áramóta þótt út yfir tæki aðfaranótt 31. des., en þá gerði hér um slóðir eitt mesta flóð sem sagan greinir frá og voru sumar sveitir sem hafsjór yfir að líta -einkum Norðurárdalur- en þar fór allt láglendi undir vatn og jakar sviptu sundur síma- og rafurmagnsstaurum. Frost er ekki mikið í jörð nú um áramót. Þegar útkoma ársins er athuguð telst þetta gott árferði.

Vöxtur trjáa og fræfall: Upp úr mánaðamótum maí-júní var hægt að kalla skógkjarr laufgæð. Vöxtur birkis var ágætur, einnig var vöxtur barrplantna góður. Engin áföll komu á barrplöntur og heildarlega hefur skógrækt á þessum slóðum gengið vel, að undanskildum erfiðleikum með unglöntur af völdum þurrka -einkum var birkið erfitt viðureignar í gróðursetningu.

Fræfall hefur aldrei verið eins mikið og í ár. Það var sama hvar lítið var að birki í haust, allsstaðar var fræ. Eftir að snjóaði var fönnin víða móleit af fræfallinu. En erfitt var að tína fræ í haust sökum úrkomu, því heita mátti að aldrei kæmi þurr dagstund eftir miðjan september.

Starfsfólk: Um starfsfólk hér gildir hið sama og undanfarin ár. Eftirspurn fyrir unglinga er svo mikil að mér er raun að standa í þeim málum, því það eru daglegir viðburðir að spurt sé um vinnu úr því komið er fram í desember og áfram allt fram á sumar.

Ég tel að hér eigi skipulagning að koma til. Reynslan sýnir að þessi vinna er afar eftirsótt. Hinsvegar hefur ríkisvaldið lítið gert raunhæft í vinnumöguleikum fyrir ungmenni (skólafólk). Skógræktin getur hagnýtt sér þetta vinnuafli, en ríkisvaldið verður þá að koma til móts við Skógræktina og veita henni miklu meira fé til framkvæmda svo hægt sé að byggja upp vinnustöðvar fyrir unglingana, sem einnig stuðlar að aukinni skógrækt og landgræðslu sem auðvitað á að vera undir sömu stjórn.

Hér er um stórt mál að ræða sem er framtíðarmál vegna skólafólksins í landinu og framtíðarmál skógræktar og landgræðslu.

Girðingar: Ný girðing var girt að Mel í Hraunhreppi, sem er 2.3 km. að lengd, og var því verki ekki lokið fyrr en í nóvember svo nákvæm stærð liggur ekki fyrir (hektarafjöldi), en úr því verður bætt fljótlega.

Landið er leiguland, kjarrivaxinn melur og er uppblástur nokkur í landinu, en þó heldur að minnka. Þarna var áður gömul girðing en alónýtt fyrir nokkrum árum. Kjarrið er í vexti og s.l. sumar var sáð í melinn grasfræi og áburði - 2 tonnum.

Girðingin er vönduð netgirðing, 1 gaddavírsstrengur undir og 2 gaddavírsstrengir ofaná. Járnstaurar með 12 m. millibili og 3 renglur þar á milli.

Þá var gerð upp að nokkru girðing í Klett í Reykholtssdal. Ennfremur var gert við eldri girðingar allmikil, einkum Jafnaskarðsg. sem er mjög erfið sökum gljúfranna við Kibá, en þar eyðileggst girðingin oft á ári.

Ennfremur er mjög dýrt að halda girðingu fjárheldri við Hreðavatnið, því þar er mikill munur á eftir tíðarfari hvað hátt eða lágt er í vatninu.

Á næsta ári mun þurfa allverulegar endurbætur á Stórafjalls-girðingu, Ytrafellsgirðingu o.fl.

Skógarhögg - grisjun: Að þessu sinni var tekið fyrir allstórt svæði í Norðtunguskógi og þar grisjað ofanaf litlum barrtrjám. Var hér um stóran birkiskóg að ræða og notaðar voru vélsagir. Þá var einnig grisjað með handverkfærum við Hreðavatn - ofanaf eldri gróðursetningu.

Það er mikil vinna sem fólgin er í grisjun, hirðingu skóganna, og fer vaxandi.

Grisjað var líka í Norðtunguskógi frá plöntum sem gróðursettar voru á þessu ári.

Áburðargjöf var mikil í sumar og var framkvæmd í júlí - ágúst. Mest var borið á í Jafnaskarðsskógi og einnig í Norðtunguskógi. Borið var á svæði í Jafnaskarðsskógi, meðal annars með það fyrir augum að fá þar jólatré nú fljótlega, og standa vonir til að það beri góðan árangur.

Hinsvegar væri æskilegra að geta borið á í júní, en þá eru annir svo miklar við gróðursetningu.

Þá var borinn áburður og sáð grasfræi í örfoka land í Síðumúla-girðingu og reyndist árangur góður. Ennfremur sáð fræi og áburði í mel í Norðtungugirðingu, einnig með góðum árangri. Miklu er dreift af lúpínufræi í girðingar og einnig fluttir lúpínuhnausar út á örfoka mela og uppblásin börð, með góðum árangri.

Græðireitur: Dreifsettar voru í græðireitinn:

Rauðgreni	3/0	Namdal	B-702 (I)	60.000
Birki	2/0	Vaglir		3.000
Birki	2/0	Hallormsst.		2.500
Reyniviður	2/0	sama		550
Viðja				1.500
			Samtals	67.550

vandari?
Sítka Hórn
damban pl.

Úr reitnum komu til gróðursetningar á þessu ári:

Stafafura	2/2	Fort. (B-671)	3.000
Bergfura	2/2	Slt. coufl. (B-698)	2.500
Rauðgreni	2/2	Namdal (B-666)	7.150
Birki	2/2	Bæjarst.	5.200
Viðja	2/0		2.000
			Samtals 19.850

Mikið af birkinu og viðjan fóru í skjólbelti í græðireitnum. Aðrar plöntur fóru í girðingar skógræktarinnar og í girðingar einstaklinga, samkvæmt samþykktum.

Gróðursetning á vegum Skógræktar ríkisins 1971, er sem hér greinir:

Norðtunguskógur:

Stafafura	2/2	Fort.	3.000	(N)	✓
Stafafura	2/2	Skagway	3.000	(V)	✓
Bergfura	2/2	Slt. Coufl.	2.500	(N)	✓
Rauðgreni	2/2	Namdal	7.500	(N)	✓
Rauðgreni	3/3	Snäsa	8.000	(V)	✓
Rauðgreni			18.130	(Fossv.)	✓
			Samtals	<u>42.130</u>	

Síðumúlagirðing:

Birki	2/2	Bæjarst.	1.500	(N)	
Birki	3/0		3.000	(V)	
Birki	2/0		1.000	(V)	
			Samtals	<u>5.500</u>	

Reykholtsgirðing:

Birki	2/0		3.000	(V)	✓
-------	-----	--	-------	-----	---

Umhverfis græðireit í Norðtungusk.:

Birki	2/2		2.300		✓
Viðja			2.000		✓
			Samtals	<u>4.300</u>	

Ýmislegt: Gróðursetning

400

Alls hefur verið gróðursett á
vegum Skógræktarinnar

55.330 plöntur

Ferðalög: Í erindum Skógræktarinnar var ég fjarverandi 200 daga á þessu ári. Langmestum tíma er verið í Norðtunguskógi og á öðrum vinnustöðum þar sem unglíngarnir eru að störfum. Þá er mikið eftirlit með girðingum Skógræktarinnar. Mikill tími fer í flutninga á plöntum, girðingaefni og fólki. Leiðbeiningastörf eru einnig mikil, og beiðni frá skógræktarfélagum um ýmiskonar aðstoð útheimtir ferðalög og tíma. Gróðurverndarstörf hafa einnig hvílt á mínum herðum í héraði fram að þessu, en nú hef ég tilkynnt að ekki þýði að leita til mín um þau mál að óbreyttu skipulagi.

Gróðurverndarmálin eru nú í algjörlega lausu lofti. "Sjálfboðavinnan" svonefnda er í reyndinni engin - nema í fyrirsögnum fávísra bládamanna sem hrópa út um borg og byggð ímyndaða fórnfýsi ungmennafélaga og annarra skyldra félagasamtaka.

Þá fer mikill tími í símtöl, bréfaskriftir, auk þess málefni skógræktarfélaganna.

Helztu ferðir á árinu voru þessar: 25. janúar fór ég samkvæmt beiðni skógræktarstjóra að Húsafelli og Kalmanstungu. Fyrst hitti ég að máli Guðmund Pálsson bónda á Húsafelli og skoðaði land í Húsafells-skógi, sem hann var að nokkru búinn að girða til skógræktar. Ræddi ég við hann og sendi skýrslu til skógræktarstjóra um málið eins og það liggur fyrir.

Þá fór ég að Kalmanstungu og ræddi við Kristófer Ólafsson bónda þar um skógræktargirðingu sem þar er, og sendi að för minni lokinni greinargerð til skógræktarstjóra um málið.

7. til 13. marz var ég á skógarvarðafundi í Reykjavík. 8. maí var ég

á aðalfundi Skógræktarfélag. Borgarfjarðar. 23. maí fór ég á aðalfund Skógræktarfélag. Stykkishólms og flutti þar erindi. 12. júní fór ég eftirlitsferð til Skógræktarfélag. Heiðsynninga og skoðaði girðingar þeirra og lagði á ráðin um endurgirðingu við Bjarnarfoss, sem var svo framkvæmd í vor.

17. júní fór ég á fund Skógræktarfélag. Dalamanna í Búðardal, ennfremur fór ég í skógræktargirðinguna í Hjarðarholti. Lagði á ráðin um að koma plöntunum sem komnar voru til félagsins, í jörðina.

19. júní fór ég að Mel í Hraunhreppi. 22. júní fór ég með fólk vestur í Dalasýslu til að gróðursetja í Grafargirðingu. 29.-30. júlí fór ég til Reykjavíkur og ræddi við skógræktarstjóra. 31. júlí fór ég að Mel í Hraunhr. og mældi fyrir girðingu. 25. ágúst fór ég til Reykjavíkur á fund fjármálaráðherra, samkvæmt ósk hans.

27. og 28. ág. fór ég að Skógum í Þorskafirði og athugaði girðinguna þar og gróðurinn í girðingunni. Eigendur landsins gera ekkert og Skógrækt ríkisins á að taka þessa girðingu að öllu leyti undir sína vernd. Þarna er úrvals skógræktarland og Skógræktin á öll mannvirki þarna.

Þá kom ég í Barmahlíðina, þar eru fallegustu sitkagreni á Vesturlandi. Kom einnig að Reykhólum. 4.-5. sept. ferð um héraðið með skógræktarstj. Hákonni Bjarnasyni. Komum í þeirri ferð að Litlafjalli og skoðuðum landið, með skógræktarframkvæmdir í huga. 13., 14. og 15. sept. ferð um héraðið með Hauki Ragnarssyni tilraunastjóra og var erindi hans að athuga gróður í skógræktargirðingum, og mun hann gefa skýrslu um för sína.

28. sept. fór ég að Reykholti og Grímsstöðum í Reykholtsdal ásamt Páli Einarssyni, sem er aðalmaður í skógrækt í Systkinareit í Reykholtshlíð. Hefur Páll tryggt allstóra viðbót á skógræktarlandi úr Grímsstadalandi, sem er áfast við Systkinareit. Mældi ég þetta land og er hér um nokkra hektara að ræða, af góðu skógræktarlandi.

8. okt. fór ég með Hauki Ragnarssyni um Lundarreykjadal og Reykholtsdal. 11. okt. fór ég enn með Hauki Ragnarssyni um Dalasýslu og fórum við í Ytrafellsgirðingu og skoðuðum trjágróður þar. Allmikill snjór var kominn og af þeim ástæðum erfiðara um athuganir.

17. og 18. nóv. fór ég til Reykjavíkur. 12., 13. og 14. nóv. fór ég til Reykjavíkur og ræddi við skógræktarstjóra.

Auk þeirra ferða er að ofan greinir, hef ég farið fjölda margar ferðir í skógræktarferindum um héraðið. Þá vil ég geta þess að ég fór til Noregs og Svíþjóðar og dvaldi þar 16. - 25. apríl og ferðaðist um Rogalandsfylki o.fl. Ennfremur ferðaðist ég um Skán í suður Svíþjóð. Ferðin var í senn ánægjuleg og lærdómsrík enda þótt hún væri oft erfið.

Lokaorð. Ég hef áður minnst á þau kjör sem ég bý við, miðað við aðra skógarverði, en þar hef ég enga áheyrn fengið - enda tekur því varla hédan af.

Um bílamál mín vísa ég til skýrslu minnar árið 1970, þar sem ég legg fram glögga lýsingu á raunverulegum rekstri bíls, og að það er staðreynd að greiðsla fyrir bílinn hrekkur ekki nema rúmlega fyrir helmingi útgjalda við rekstur hans, samkvæmt síðustu skattskýrslu.

Í sumar neyddist ég til að endurnýja bílinn minn og varð að taka Landroverbíl til að geta þjónað starfi mínu, því reynslan sýnir að það eru ekki hálf not að öðrum bílum við þær aðstæður sem ég bý við um ferðalög og vinnu. Upphaflega voru mér gefin vilýrði fyrir láni, en þegar til átti að taka reyndist það út í bláinn, svo ég varð að neyta eigin úrræða.

En svo hef ég engan eyri fengið greiddan fyrir bílinn síðan í

júlflok, en þó hefur mér verið sagt að gera hitt og annað fyrir Skógræktina jafnt eftir sem áður.

Ég held það væri skemmtilegra að segja manni að hætta að vinna jafnhliða því sem ákveðið er að fella niður greiðslu, því allir ábyrgir aðilar vita að það er sama og segja skógarverði að hætta vinnu, ef hann á að vera bíllaus í starfi.

Ég þakka samstarfið á árinu.

Á gamlársglag 1971

Daniel Kristjánsson